

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 58/2011

2011/EES/43/12

frá 20. maí 2011

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2011 frá 1. apríl 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1157/2010 frá 9. desember 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og líf skjör (EU-SILC), að því er varðar skrána frá 2012 yfir aukamarkbreytur fyrir húsakost ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1227/2010 frá 20. desember 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1055/2008 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 að því er varðar gæðaviðmiðanir og gæðaskýrslur varðandi hagskýrslur um greiðsluþöfnuð ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XXI. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18ia (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 481/2010):
„18ib. **32010 R 1157**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1157/2010 frá 9. desember 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og líf skjör (EU-SILC), að því er varðar skrána frá 2012 yfir aukamarkbreytur fyrir húsakost (Stjtið. ESB L 326, 10.12.2010, bls. 3).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 19sb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1055/2008):
„eins og henni var breytt með:
– **32010 R 1227**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1227/2010 frá 20. desember 2010 (Stjtið. ESB L 336, 21.12.2010, bls. 15).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 1157/2010 og 1227/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 21. maí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 171, 30.6.2011, bls. 47, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 30.6.2011, bls. 56.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 326, 10.12.2010, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 336, 21.12.2010, bls. 15.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. maí 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.